

Grundartangi 5. maí 2017

Efni: Endurskoðun starfsleyfis fyrir iðjuver Elkem Ísland ehf. Grundartanga kt. 640675-0209.

Eftirfarandi eru svör Elkem við atriðum i)-vii) sem Umhverfisstofnun óskaði eftir að endurskoðun á í bréfi sínu þann 30. september 2016. Bréfið mun fylgja umsókn Elkem Ísland um nýtt starfsleyfi.

- i. *Mælingar og losunarmörk þarfnast samræmingar, t.d. hafa ekki fengist öll klukkustundargildi sem koma fram í núverandi starfsleyfi.*

Svar: Elkem sendi UST drög að nýrri mæliáætlun 29. október 2016 þar sem m.a. staðsetningar á útblæstri ryks frá hreinsibúnaði eru skilgreindar. Ekki hafa fengist viðbrögð frá stofnuninni vegna málsins.

Elkem Ísland óskar einnig eftir endurskoðun á eftirfarandi greinum starfsleyfis:

Gr. 2.6:

- Taka þarf skýrt fram að saltsýra og flússýra á eingöngu við um framleiðslu á sólarkísil.

Gr. 2.8:

- Taka þarf skýrt fram að útblástur frá sýrumeðhöndlun á eingöngu við um framleiðslu á sólarkísil.

Gr. 2.12:

- Sýrustig þarfnast endurskoðunnar í samræmi við reglugerð 798/1999
- Taka þarf skýrt fram í starfsleyfi að um er að ræða uppleyst magn efna.
- Losunarmörk fyrir ál kg/ári þarfnast endurskoðunnar.

Gr. 2.16

- Skýra þarf betur losunarmörk á kælivatni og fráveituvatni vegna losunar til sjávar.

- ii. Ákvæði um ryklosun um rjáfur og reykhreinsivirki þarfnast frekari skoðunar. Einnig telur stofnunin að útreikningur á ryklosun þarfnist yfirferðar.

Svar: Elkem Ísland hefur sett upp rykmódel til að reikna út heildarlosun ryks í útblæstri skv. gr. 2.5 í starfsleyfi. Tekið er tillit til allra ryklosandi ferla í útblæstri. Elkem mun senda Umhverfisstofnun rykmódelið til yfirferðar.

- iii. *Æskilegt er að mati Umhverfisstofnunar að í starfsleyfi séu sérstök ákvæði um sængursteypu, þ.e. þegar málmbráð er steypt á verksmiðjugólfinu en ekki í hringekju eða steypubelti.*

Svar:

Frá og með 21. mars 2017 hefur sængurústeypingu verið hætt. Elkem mun þurfa að geta gripið til sængurústeypingar aðeins ef aðalústeypingarlína (Steypubelti) bilar samhliða bilun í neyðarústeypingarlínu (Hringekja 1). Þá verður sæng sett upp til bráðabirgðar þá og aðeins á meðan viðgerðum stendur yfir og fjarlægð eftir það. Tekið verður tillit til losunarinnar í útblæstri skv. rykmódeli Elkem Ísland. Elkem mun tilkynna Umhverfisstofnun ef gípa þarf til sængurústeypingar.

- iv. *Ákvæðum sem komu inn í starfsleyfið vegna áður fyrirhugaðrar sólarkísilverksmiðju kann að vera ofaukið og þarfnast skoðunar.*

Svar: Elkem vill halda inni ákvæði um sólarkísilverksmiðju.

- v. *Notkun Elkem Ísland ehf. á timburkurli þarf að skoða nánar með tilliti til þeirra laga og reglugerða sem gilda um notkun á slíku hráefni. Með því er átt við að útfæra þarf skilyrðin með því að rekstraraðili annað hvort óski eftir jákvæðu ráðgefandi álit Umhverfisstofnunar um endurnýtingu úrgangs, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 1078/2015, um endurnýtingu úrgangs eða heimild fyrir þetta verði í starfsleyfi á grundvelli reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.*

Tillaga um nýtt ákvæði í starfsleyfi:

Rekstraraðili hefur leyfi til að nota timburkurl, sem er unnið úr flokkuðu úrgangstimbri. Jafnframt hefur rekstraraðili leyfi til að flytja inn timburkurl úr hreinu, ómálaðu úrgangstimbri sem og að flytja inn hreint ómálað úrgangstimbur til að framleiða timburkurl.

Greinargerð: Þegar Sorpa hóf starfsemi um 1990 gerðu Elkem og Sorpa samning um endurvinnslu á úrgangstimbri með þeim skilyrðum að Sorpa flokkaði hreint, ómálað timbur og kurlaði niður, þannig að það nýttist sem hráefni hjá Elkem. Timburkurlið dregur úr notkun og innflutningi á kolefni (kol og koks). Elkem vinnur markvisst að því að auka hlut endurunnins, lífræns kolefnis í hráefnum fyrir framleiðsluna í samræmi við áætlun um endurvinnslu og endurnýtingu aukaafurða. Með bættum aðferðum við söfnun, flokkun og vinnslu á timburkurlinu gæti svo farið að Sorpa anni ekki þörf Elkem. Því teljum við rétt að Elkem hafi leyfi til að flytja inn endurunnið hreint timburkurl til að geta mætt aukinni þörf á endurunnu lífrænu kolefni og dregið úr kolefnisfótspori verksmiðjunnar í samræmi við skuldbindingar í loftlagsmálum. Elkem starfar að fullu í samræmi við bestu fáanlegu tækni samanber BREF skjal EU, Integrated Pollution Prevention and Control (IPPC), Reference Document on Best Available Techniques in the Non Ferrous Metals Industries, December 2001. Við meðhöndlun og notkun á endurunnu timburkurli er notuð besta fáanlega tækni og lítum við svo á að gr. 11, í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs sé uppfyllt.

- vi. *Elkem Ísland ehf. er með tímabundna heimild til að flytja inn, taka á móti og meðhöndla finnska eldhúð á grundvelli undanþágu sem umhverfis— og auðlindráðuneytið veitti 1. júlí s.1. Framhald þessa máls kann að kalla á að rekstraraðili annað hvort óski eftir jákvæðu ráðgefandi álit Umhverfisstofnunar um endurnýtingu úrgangs, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 1078/2015, um endurnýtingu úrgangs eða að aflað sé heimildar í starfsleyfi á grundvelli reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.*

Tillaga um nýtt ákvæði í starfsleyfi:

Rekstraraðili hefur leyfi til að flytja inn og nota eldhúð (e. Mill Scale) til að nota sem járngjafa við framleiðsluna.

Greinargerð: Um árabíl hefur Elkem flutt inn og notað á hverju ári um 30.000 tonn eldhúð (e. Mill Scale) sem járngjafa við framleiðslu á kísilmálm. Eldhúðin hefur verið flutt inn m.a. frá Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Bretlandi og Bandaríkjunum. Öll eldhúð er flutt inn með lausaflutningaskipum og er skipað upp á Grundartanga. Eldhúðin er ýmist notuð beint inn á ofnana á Grundartanga eða köggluð hjá Steypustöðinni í Hafnarfirði áður en hún fer inn á ofnana.

Eldhúð verður til við heitvölsun á stáli. Þegar stálið er hitað upp fyrir völsunina, oxast yfirborð stálsins. Þetta oxíðlag er síðan hreinsað í burtu fyrir völsunina með háþrýstu vatni. Fasa efnið sem er hreinsað af stálinu á þennan hátt er eldúð.

Eldhúðin er járnnoxíð eins og aðrir járngjafar, s.s. járngrýti. Engin umhverfisáhrif eru við notkun eldhúðarinnar umfram notkun á öðrum hráefnum á Grundartanga.

Einstak lönd innan EU skilgreina eldhúð sem úrgang. Eldhúð sem úrgangur er flokkast sem AA010 samkvæmt OECD code Dross, scalings and other wastes from the manufacture of iron and steel.

Samkvæmt reglugerð 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgangur er auðkenni eldhúðarinnar sem úrgangs eftirfarandi:

10 02 10 – flögur frá völsun,

10 02 15 – önnur eðja eða síukaka

12 01 02 – ryk og agnir úr járn eða stáli


12 01 99 – úrgangur sem ekki er tilgreindur með öðrum hætti

Elkem starfar að fullu í samræmi við bestu fánlegu tækni samanber gildandi BREF skjal EU, Integrated Pollution Prevention and Control (IPPC), Reference Document on Best Available Techniques in the Non Ferrous Metals Industries, December 2001. Við meðhöndlun og notkun á eldhúð er notuð besta fánlega tækni og því er gr. 11. í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs uppfyllt.

vii. *Breytingar á reglugerð um brennisteinsdíoxíð sem eru í undirbúningi gætu haft áhrif á ákvæði starfsleyfisins.*

Svar:

Reglugerð nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu, styrk ósons við yfirborð jarðar og um upplýsingar til almennings hefur verið innleidd þar sem sér íslenskt ákvæði um sólahringsstyrk brennisteinsdíoxíð (gróðurverndarmörk) hefur verið felld úr gildi.



Sigurjón Svavarsson
Framkvæmdastjóri ÖHU